



Nefndarsviðs Alþingis
b.t. Atvinnuveganefndar
Austurstraeti 8 – 10
101 Reykjavík

15. október 2014

Efni: Umsögn Vodafone um tillögu til þingsályktunar um hagnýtingu internetnetsins og réttarvernd netnotenda.

Vísað er til erindis nefndarsviðs Alþingis 26. september sl. þar sem Fjarskiptum hf. (hér eftir nefnt „Vodafone“) er veittur kostur á að koma að umsögn vegna þingsályktunartillögu um hagnýtingu internetnetsins og réttarverndar netnotenda, 16. mál. Vodafone hefur falið undirrituðum að koma fram fyrir hönd félagsins í máli þessu og skila inn umsögn.

Vodafone gerir ekki athugasemdir við markmið og tilgang þingsályktunartillögunnar og telur mikilvægt að reyna að tryggja notkun internetnetsins á sem hagkvæmastan hátt og stuðla þannig að fjölbreyttari nýtingu internetnetsins.

Vodafone telur mjög mikilvægt að vanda vel til verka og þá sérstaklega við lagasetningu í kringum gagnaábyrgð. Telur Vodafone að í því myndi felast mikill styrkur fyrir starfshópin sem skipaður verður af innanríkisráðuneytinu að lögmenn fjarskiptafélaga eða aðrir sérfræðingar í fjarskiptarétti myndu hafa sæti í starfshópnum. Óski nefndin sérstaklega eftir að Vodafone tilnefni fulltrúa í starfshópin mun félagið verða við því fljótt og örugglega.

Telji nefndin þörf á frekari skýringum að hálfu félagsins á þessu stigi málsins mun Vodafone verða við þeim eins fljótt og kostur er.

Virðingarfyllt,

Guðjón Bjami Hálfánarson
lögfræðingur